



LÆSISSTEFNA GRÆNUVALLA

2020

Þróunarverkefni um starfsþróun kennara í samstarfi við Menntamálaráðuneytið og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Íris Hrönn Kristinsdóttir

Unnur Ösp Guðmundsdóttir

Ágústa Pálsdóttir

Guðrún Eiríksdóttir

Helga Jónsdóttir

Líney Helga Björnsdóttir

Sigríður Valdís Sæbjörnsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Verkefnið.....	3
Svót greining	3
Stuðningsefni	3
Skimanir	4
Læsisstefna Grænuvalla	5
Markmið.....	6
Innleiðingaráætlun.....	6
Orðaforðakassarnir	7
Innleiðing og mat	7
Lokaorð	9
Heimildaskrá	10
Fylgiskjal 1 – Innleiðingaráætlun.....	11
Fylgiskjal 2 – Sýnishorn úr myndakössum.....	16
Fylgiskjal 3 – Mat á læsisstefnunni	20
Fylgiskjal 4 – Sýnishorn – Hugmyndir út frá læsisstefnu.....	21

Inngangur

Á haustmánuðum 2018 höfðu aðilar úr samstarfsráði um starfsþróun samband við stjórnendur Grænuvalla og buðu skólanum þátttöku í þróunarverkefni um starfsþróun kennara, ásamt þremur öðrum skólum. Samstarfsráð er samstarf mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitafélaga, Kennarasambands Íslands, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Listaháskóla Íslands og Skólameistarafélags Íslands. Markmið samstarfsins er aukin starfsþróun kennara, skólastjórnenda og annarra fagstétta í leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólum.

Eftir nokkrar umræður var ákveðið að taka þátt í verkefninu enda bætt aðgengi að endur- og símenntun kennara utan höfuðborgarsvæðisins mjög mikilvægt að okkar mati. Gert var ráð fyrir átta manna teymi í leikskólanum sem sinna átti þessu verkefni og var það samsett af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, sérkennslustjóra, deildarstjórum og kennara á deild. Fljótlega eftir að verkefnið hófst hætti kennarinn störfum og einn af deildarstjórunum helltist úr lestinni. Eftir voru sex starfsmenn í teyminu og var ákveðið að láta þar við sitja enda erfitt að ná þessum hópi saman á fundi þar sem viðvera barna átta tíma á dag stendur í vegi fyrir að allir geti hist í einu.

Hópurinn var stórhuga í byrjun og ætlaði að sigra heiminn og vinna upp allt sem tími hafði ekki unnist til undanfarin ár. Ætlunin var að gera áætlun um endurmenntun fyrir kennara og skólann í heild, tíma- og kostnaðaráætlanir fyrir starfsþróun, læsisstefnu fyrir leikskólann og skipuleggja og innleiða markvissa leiðsögn og handleiðslu fyrir nýliða. Markmiðin voru háleit en fljótlega komu samstarfsaðilar verkefnisins frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri okkur niður á jörðina enda voru þessi markmið allt of viðamikil fyrir tímarammann og fjármagnið sem lagt var í verkefnið. Eftir forgangsroðun kom í ljós að ný læsisstefna var mest aðkallandi og hófst þá hugmyndavinna að henni.

Verkefnið

Svót greining

Til að meta hvar leikskólinn var staddur í læsisnámi var gerð SVÓT greining á starfsdegi sem allt starfsfólk leikskólans tók þátt í. Svótgreining er aðferð sem notuð er til að finna og flokka innri og ytri áhrifaþætti í starfinu. Styrkleikar og veikleikar tilheyra innri þáttum og ógnanir og tækifæri tilheyra ytri þáttum.

Kennarar og starfsfólk hvers árgangs unnu saman í hópum og voru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir:

- Hvað er verið að gera?
- Hvað erum við ekki að gera sem við getum gert?
- Hvað viljum við gera?
- Hvað kemur í veg fyrir það sem við getum eða viljum gera?

Niðurstöðurnar bentu til þess að mikið væri lagt upp úr vönduðu læsishvetjandi starfi á Grænuvöllum. Gögnin voru meðal annars notuð sem grunnur í vinnu við nýja markvissa læsisstefnu fyrir hvern árgang leikskólans. Markmið með gerð markvissrar læsisstefnu er m.a. að börn á sama aldri fái sömu læsismenntun óháð deild eða kennurum. Hún er hjálpargagn fyrir kennara svo þeir geti verið vissir um að ekkert gleymist og að allir nemendur fái þá menntun sem til er ætlast.

Stuðningsefni

Við gerð læsisstefnunnar og innleiðingaráætlunar var notað fjölbreytt hjálparefni.

Orðaleikur – orðanáms í leikskóla, er námsefni ætlað börnum af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku sem annað mál en getur í raun nýst öllum leikskólabörnum vel. Orðaleikur býður meðal annars upp á fjölbreytt safn mynda, sem teiknaðar eru af Ingu Maríu Brynjarsdóttur myndlistarkonu. Myndirnar er hægt að nota á fjölbreyttan hátt og voru þær hafðar til hliðsjónar við gerð orðalista sem áhersla er lögð á í læsisstefnunni. Út frá listanum voru útbúnir orðaforðakassar sem eru inn á öllum deildum, ólíkir eftir aldri barnanna. Í kössunum eru myndaspjöld sem hanga upp á vegg mánuð í senn og voru myndir úr Orðaleik mikið notaðar við gerð þeirra, enda einstaklega fallegar, skýrar og einfaldar (Orðaleikur – námsefni fyrir leikskóla, 2018).

Orðalisti Menntamálastofunnar var hafður til hliðsjónar við gerð orðalistanna en í honum eru hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu (Elsa Pálsdóttir, 2017).

Hljóðaklettur Lubba fá sitt pláss í innleiðingaráætluninni en í þeim kemur skýrt fram hvaða máhljóð börn eiga vera búin að ná tökum á eftir aldri (Þóra Másdóttir og Eyrún Ísfold Gísladóttir, 2011-2012).

Við studdumst einnig við lista frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands um þróun máls og tals barna (Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, e.d.).

Skimanir

Á Grænuvöllum eru notaðar fjórar skimanir og var stuðst við þær við gerð innleiðingaráætlunar og orðaforðakassa. Skimanir þessar eru lagðar fyrir öll börn í leikskólanum og er stórt hlutfall kennara með réttindi til að leggja þær fyrir. Skimanirnar eru því í langflestum tilvikum lagðar fyrir af kennurum sem börnin þekkja vel.

Efi-2 er málþroskaskimun á málskilningi og máltjáningu barna sem eru á fjórða ári. Hún er lögð fyrir þegar börnin eru sem næst þriggja og hálfis árs aldri.

TRAS er skimun til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna, henni er skipt í aldursflokka tveggja til þriggja, þriggja til fjögurra, fjögurra til fimm og er skimunin lögð fyrir þegar börn eru tveggja og hálfis, þriggja og hálfis, og fjögurra og hálfis árs gömul. Ef barn hefur ekki náð öllum viðmiðum um fjögurra og hálfis árs aldur er farin ein lokayfirferð á síðasta ári þeirra í leikskóla.

Míó er skimun sem hjálpar kennurum að átta sig á stærðfræðifærni barna. Hún er lögð fyrir börn á sama hátt og TRAS, einu sinni á ári þegar barnið er sem næst hálfnað með hvert aldursár.

HLJÓM 2 er skimun sem metur mál- og hljóðkerfisvitund barna. Hún er lögð fyrir á síðasta ári þeirra í leikskóla og hjálpar til við að finna þau börn sem eiga í hættu á erfiðleikum með lestur síðar meir. Auk þess sem hún er frábært verkfæri til að styðja við hljóðkerfisvitund barna í gegn um leikinn.

Allar skimanirnar gefa vísbendingar um námslega stöðu barna og að sama skapi auka þær tækifæri kennara á að bregðast við og vinna með þá þætti sem mælast slakir. Þá kemur læsisstefnan að góðum notum.

Læsisstefna Grænuvalla

Skólanámskrá Grænuvalla er sett upp í veggspjaldaformi og er læsisstefnan á einu þessara spjalda. Það er okkur í mun að námskráin sé fallega uppsett og auðlæsileg fyrir alla og því er hún á þessu formi. Læsisstefnan mun hanga uppi á göngum skólans þannig að hún vekir forvitni hjá börnum og áhuga kennara, foreldra og annarra sem ganga um skólann.

Í læsisstefnunni segir:

Í læsi felst þekking og færni barna til að lesa í umhverfi sitt. Í læsi felst einnig leikni barna til að tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir. Læsi er mikilvægur þáttur fyrir hvern einstakling og stuðlar að lýðræði í samfélaginu.



Á Grænuvöllum vinnum við markvisst að því að auðga orðaforða barnanna og styðjumst til þess m.a. við orðaforðalista Menntamálastofnunnar auk Orðaleiks – námsefnis fyrir leikskólabörn sem læra íslensku sem annað mál og er gefið út af Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Á öllum deildum eru orðaforðakassar með mismunandi þemum fyrir hvern mánuð og er unnið með þau á fjölbreyttan hátt í daglegu starfi. Á Grænuvöllum er umhverfið lestarhvetjandi. Börn hafa auðveldan aðgang að fjölbreyttum skriffærum, pappír og bókum til að skoða og lesa.

Við leggjum áherslu á góð samskipti, við æfum okkur að skiptast á, bera umhyggju hvert fyrir öðru og að hver einstaklingur læri að vera hluti af hóp. Einnig að hann læri að lesa í tilfinningar sínar og annarra. Við leitumst við að gera starfið sýnilegt og myndrænt fyrir nemendur til að efla sjálfstæði þeirra og öryggi. Dagskipulagið er myndrænt auk þess sem skúffur, hólfr og fleira er merkt með myndum og ritmáli.

Við leggjum upp með að börnin verði fær um að lesa í umhverfi sitt, við förum í vettvangsferðir þar sem við æfum okkur að nota augu og eyru þegar við förum yfir götu, skoðum skilti og aðrar vísbendingar sem umhverfið gefur okkur.

Við leggjum mikið upp úr lestri og sögum, bæði í litlum hópum og fyrir einstaklinga. Við vinnum markvisst með málörvun, stærðfræði, læsi og tilfinningar auk þess sem við leikum okkur með stafir, orð og hljóð.

Orðaforðakassarnir

Á orðaforðaspjöldunum er teiknuð mynd og orðið skrifað fyrir neðan. Myndirnar úr Orðaleik voru notaðar eins mikið og hægt var, aðrar myndir sem eru í kössunum eru af netinu. Aftan á spjöldunum er merki leikskólans, mánuðurinn sem nota á spjöldin og aldur barnanna. Þannig er auðvelt að raða þeim aftur ef eitthvað ruglast.

Við vinnslu verkefnisins var teyminu ljóst að spjöldin þyrftu að vera vegleg og tekin var ákvörðun um að þau yrðu prentuð í prentsmiðju á endingargóðan pappír. Spjöldin voru prentuð hjá Héraðsprenti á Egilsstöðum á 300 gr pappír með glansi. Einnig voru prentuð millispjöld með mánuðunum og límmiðar. Keyptir voru litlir þrískiptir trékassar með loki og spjöldunum raðað í þá. Límmiðar voru límdir utan á kassana til að merkja þá og aðgreina.

Þegar spjöldin eru í notkun inn á deildum eru þau sett í vasateppi með plastvösum svo þau séu öllum vel sýnileg. Það er svo hvers kennara fyrir sig að ákveða í hvaða stundum þeir nota orðaforðaspjöldin, í samveru, hópavinnu eða öðrum stundum sem henta.



Innleiðing og mat

Kennarar fengu læsisstefnuna afhenta í lok september 2020 og voru beðnir um að fylla út matsblöð í lok október og lok nóvember. Flestir tóku hana í gagnið strax og notuðu á fjölbreyttan hátt. Vel gekk að innleiða stefnuna í elsta hópnum og var vinna með hana fljótlega orðin fastur liður í dagskipulaginu. Hópurinn lagði mesta áherslu á ritun og miðlun en vann einnig með orðaforðakassann á fjölbreyttan hátt. Spjöldunum var skipt upp á milli vikna þar sem þau voru frekar mörg í október. Börnin fengu að velja spjöld til að vinna með í hlutverkaleik en spjöld októbermánaðar voru úr nærumhverfinu. Þau völdu m.a. orðið sjoppa og undirbjuggu sjoppuleikinn vel m.a. með því að búa til hluti fyrir hana í listasmiðjunni. Þau voru því búin að undirbúa leikinn vel áður en þau byrjuðu á honum. Sjoppuleikurinn hélt svo áfram í nokkra

daga áður en þau völdu næsta spjald, sem var fangelsi. Það var sett upp á föstudegi og var látið duga að hafa þann leik í gangi einn dag. Heilsugæsla var einnig valin og var sá leikur undirbúinn í og eftir barnafund þar sem hann var ræddur sem og í skólastund. Börnin völdu þessi orð sjálf, hin orðin fengu að hanga upp á vegg þar sem börnin gátu velt þeim fyrir sér.



Næstelsti hópurinn einbeitti sér mest að orðaforðakassanum þar sem heimsfaraldur Covid kom í veg fyrir önnur verkefni sem áætluð voru í

mánuðinum, eins og sendiferðir og fleira. Í sendiferðum fara börn fyrir kennara inn á aðrar deildir eða á skrifstofu til að sækja hluti, skila hlutum eða koma skilaboðum milli staða, annað hvort munnlegum eða skriflegum. Stundum eru börnin send með mikilvæg skilaboð milli kennara og finna þannig hvað þeirra framlag í leikskólanum skiptir miklu máli. Orðin úr orðaforðakassanum voru sett í veggteppið þar sem þau eru sýnileg. Læsisstefnan var í raun nýtt í sem flestum aðstæðum. Auk vinnu með orðaforðakassana æfðu börnin sig í að skrifa stafinn sinn á fjölbreyttan hátt, þau sporuðu hann á blað, skrifuðu í sandinn í fjöruferðum, leirðuðu stafinn sinn og kubbuðu hann, einnig voru þau hvött til að merkja sér myndir sem þau teiknuðu. Orðaforðaspjöldin voru mest notuð í samverustundum en einnig voru unnin verkefni í hópavinnu tengd líkamanum, búin til púsl og lottó. Sönglalisti með líkamsheitum var einnig notaður.

Kennarar á yngri deildum eru að vinna í að innleiða orðaforðavinnuna á markvissan hátt. Þar fer fram mikil málörvun í daglegu starfi, kennarar leggja sig fram um að setja orð á athafnir og tala við börnin, lesa, syngja og fleira. Orðin úr orðaforðakössunum eru mest notuð í samverustundum og leik.

Í lok nóvember skiluðu kennarar í tveimur elstu árgöngum mati. Í því komu góðar hugmyndir af úrbótum og breytingum. Í ritun og miðlun hjá gula hópi (elstu börnin) var verkefni nóvembermánaðar að skrifa eftir fyrirmynd. Það nýttu þau aðallega í valinu og skólastundum með því að skrifa orðsendingar til foreldra. Orðin og orðatiltækin úr orðaforðakassanum voru útskýrð og rædd í samverustundum. Hugmynd kom upp um hvort ekki mætti tengja orð nóvembermánaðar meira við jólin og gjafir þar sem börnin á Grænuvöllum vinna yfirleitt jólagjafir til foreldra sinna í þeim mánuði. Orð eins og vingjarnleiki, virðing, hófsemi, glaðværð, hugrekki, hjálpssemi, þolinmæði, sköpunargleði, áreiðanleiki og samkennd er auðvelt að tengja við jólavinnuna og munum við án efa bæta þeim við á næsta ári.

Rauði hópur (næst elsti hópurinn) vann meira með ritun og miðlun en hann hafði gert mánuðinn á undan og orðaforðakassinn var líka mikið notaður. Þema nóvembermánaðar var fjölskyldan með orðum á borð við móðir, faðir, langamma/afi, tvíburar/þríburar o.fl. Í Rauða hóp eru einmitt tvíburar og þótti hópnum skemmtilegt að velta fyrir sér muninum á því að vera tvíburar, systkini, systur o.s.frv. Þau hefðu viljað hafa ömmu og afa með í fjölskyldunni (þau eru í orðaforðakassa fyrir yngri börn) til að geta sett fjölskylduna upp sjónrænt. Það er lítið mál að bæta þeim við og munum við gera það á næsta skólaári. Í samverum notaði hópurinn mikið Fjölskyldubókina eftir Todd Parr en í henni er farið í ýmsar gerðir af fjölskyldum sem gaman var að skoða með börnunum. Í ritun og miðlun léku börnin sér með stafina og teiknuðu mynd af fjölskyldunni. Einnig huguðu þau að gerð jólagjafa til mæðra sinna og feðra og voru þau orð, auk foreldra, notuð markvisst í stað mömmu og pabba.

Lokaorð

Heilt yfir er upplifun okkar af þróunarverkefninu mjög góð. Eftir nokkra óvissumánuði fengum við mjög góða hjálp frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Íris Hrönn hjálpaði okkur mikið við að þrengja verkefnið niður í þann þátt sem okkur fannst mikilvægast að koma á laggirnar, þ.e. læsisstefnu. Hún gaf okkur hugmyndir að uppsetningu og ræddi við okkur um hvað góð læsisstefna innihéldi. Einnig aðstoðaði hún okkur á síðustu metrum lokaskýrslunnar. Þökkum við Írisi kærlega fyrir veitta aðstoð. Lokaafurð þróunarverkefnisins er glæsileg læsisstefna, innleiðingaráætlun fyrir hana og vandaðir orðaforðakassar. Áhersla teymisins við gerð læsisstefnunnar var að búa til námsgagn sem auðveldaði öllu starfsfólki leikskólans að vinna með læsi. Þegar þetta er skrifað hefur læsisstefnan verið í notkun á öllum deildum á Grænuvöllum í rúma tvo mánuði og eins og sjá má á matinu hér að ofan fer hún vel af stað. Það er okkar ósk að hún muni stækka og dafna á komandi árum.

Heimildaskrá

Elsa Pálsdóttir. (2017). *Orðaforðalistinn*. Kópavogur. Menntamálastofnun.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. (e.d.). Þróun máls og tals barna. Sótt af:

<https://hti.is/index.php/is/tal/throun-mals-tals-barna.html>


Orðaleikur – námsefni fyrir leikskóla. (2018). Myndasafn. Sótt af:


<https://sites.google.com/view/ordaleikur/myndasafn?authuser=0>


Þóra Másdóttir og Eyrún Ísfold Gísladóttir, 2011-2012. Hljóðaklettur Lubba. Sótt af:


https://www.lubbi.is/images/hljodaklettur_lubba.pdf


Fylgiskjal 1 – Innleiðingarætlun


Læsisstefna áætlun fyrir skólaárið 2020-2021					
	ágúst	september	október	nóvember	desember
 <p>LEIKSKÓLINN GRÆNUVELLIR VIRÐING • VINÁTTA • VELLÍÐAN</p> <p>1-2 ára 2019</p> <p>10-90 orð</p> <p>Málhljóð: m-b-n-d-l-v-j-g-h</p>	<p>Talað mál og hlustun Gefum börnum tíma og hlustum á þau (connection before connection)</p> <p>Leggjum orð á allar athafnir</p>	<p>Talað mál og hlustun Söngur TMT</p>	<p>Talað mál og hlustun Tilfinningar Líkamsheiti</p>	<p>Talað mál og hlustun Fjölskyldan</p>	<p>Talað mál og hlustun Litir Vísur og lög</p>
	<p>Lestur og lesskilningur Fjölbreyttar bækur í boði</p>	<p>Lestur og lesskilningur Skoða bækur með börnum Útbúa notalegan stað til að skoða bækur á bókahorn</p>	<p>Lestur og lesskilningur Gefa börnum tækifæri og tíma til að skoða bækur</p>	<p>Lestur og lesskilningur Foreldrasamstarf- hvetja foreldra til að lesa heima fyrir börnin sín</p>	<p>Lestur og lesskilningur Gripa tækifærið Einstaklingslestur ofl</p>
	<p>Ritun og miðlun Myndrænt dagskipulag</p> <p>Merkja stóla, hólf og skúffur</p>	<p>Ritun og miðlun Hafa nægan efnivið til að lita, krotta, mála</p>	<p>Ritun og miðlun Skipta oft um efnivið</p>	<p>Ritun og miðlun Vinna með sama sniði og undanfarna mánuði</p>	<p>Ritun og miðlun Vinna með sama sniði og undanfarna mánuði</p>
<p>Orðakassi Bók, stóll, bolti, bill, dúkka, skór, matur, út, kalt, sokkar, datt</p>	<p>Orðakassi Syngja, lita, litir</p>	<p>Orðakassi Líkamsheiti – andlitið Augu, eyru, munnur, hár, nef, kinn. Tilfinningar glaður, leiður, þreyttur, hissa</p>	<p>Orðakassi Mamma, pabbi, bróðir, systir, afi, amma, kisa, hundur</p>	<p>Orðakassi Jólasveinn, jólatré, þakki, snjór, gulur, rauður, grænn, blár</p>	


Læsisstefna áætlun fyrir skólaárið 2020-2021					
	janúar	febrúar	mars	apríl	maí
 <p>LEIKSKÓLINN GRÆNUVELLIR VIRÐING • VINÁTTA • VELLÍÐAN</p> <p>1-2 ára 2019</p> <p>10-90 orð</p> <p>Málhljóð: m-b-n-d-l-v-j-g-h</p>	<p>Talað mál og hlustun Dýr Eftirherma</p>	<p>Talað mál og hlustun Fatnaður</p>	<p>Talað mál og hlustun Leikir epli/perur ofl Klappa atkvæði Telja</p>	<p>Talað mál og hlustun Hlustunarleikir Afstöðuhugtök</p>	<p>Talað mál og hlustun Mat á gangi læsisstefnu</p>
	<p>Lestur og lesskilningur Einstaklingslæsi Vísur með rími (ó hangikjöt/buxur vesti)</p>	<p>Lestur og lesskilningur Lesa fyrir hóp/börn</p>	<p>Lestur og lesskilningur Segja sögur Loðtöflusögur</p>	<p>Lestur og lesskilningur Bókastund Hlustunarstund</p>	<p>Lestur og lesskilningur</p>
	<p>Ritun og miðlun Röðun – lesátt</p>	<p>Ritun og miðlun Bókstafir</p>	<p>Ritun og miðlun Tölustafir</p>	<p>Ritun og miðlun Skipta oft um efnivið</p>	<p>Ritun og miðlun</p>
<p>Orðakassi Hundur, kisa/köttur, hestur, kind, kanína, fugl, kýr, fluga, kónguló</p>	<p>Orðakassi Húfa, sokkar, vettlingar, úlpa, galli, skór, peysa, buxur</p>	<p>Orðakassi Epli, perur, tölustafir (3) hlusta, klappa</p>	<p>Orðakassi Uppi/niðri Undir/ofaná Framan við/fyrir aftan Við hliðina á Uppúr, ofan í, allt, allir, enginn</p>	<p>Orðakassi Glaður, hræddur, reiður, svöng, saddur, þyrstur</p>	


Læsisstefna áætlun fyrir skólaárið 2020-2021					
	ágúst	september	október	nóvember	desember
 <p>2-3 ára 2018</p> <p>50-400 orð</p> <p>Málhljóð f-p-t-k-hj-ð-hl</p> <p>MÍÓ TRAS</p>	<p>Talað mál og hlustun Vettvangsferðir Hvatning og hrós</p>	<p>Talað mál og hlustun Fara eftir fyrirætlunum Barnafundir</p>	<p>Talað mál og hlustun Tónlist Dans Taktur Barnafundir</p>	<p>Talað mál og hlustun Útskýra og ræða orð í texta Barnafundir</p>	<p>Talað mál og hlustun Spil, minnisþing, bingó, hljóðabingó</p>
	<p>Lestur og lesskilningur Grípa tækifærið</p>	<p>Lestur og lesskilningur persónufornöfn</p>	<p>Lestur og lesskilningur Andstöðuhugtök</p>	<p>Lestur og lesskilningur bókamánuður bókastund, hlustunarstund</p>	<p>Lestur og lesskilningur</p>
	<p>Ritun og miðlun Myndrænt dagskipulag Merkja skúffur og hólf Fjölbreyttur efniviður í myndsköpun</p>	<p>Ritun og miðlun Lausnahjól – 3 lausnir</p>	<p>Ritun og miðlun Lausnahjól</p>	<p>Ritun og miðlun Lausnahjól</p>	<p>Ritun og miðlun Fjölbreyttur efniviður í myndsköpun</p>
	<p>Orðakassi Gott veður, vont veður, sól, rigning, snjór, snjócoma, vindur, regnbogi</p>	<p>Orðakassi Ég, þú, þið, við, minn, þinn, hans, hennar, hún, hann.</p>	<p>Orðakassi Stór/lítil, stutt/löng, Þungt/létt, lítið/mikið, blautur/þurr, full/tóm, harður/mjúkur, gamall/ ungur, kalt/heitt, gláður/leiður, hratt/ hægt</p>	<p>Orðakassi Bók, lesa, tölustafir (1- 5) bókstafir</p>	<p>Orðakassi Jólasveinn, jólatré, jólakútur, pakkur, snjór, gulur, rauður, grænn, blár, svartur, hvítur, fjólublár, bleikur, brúnn, appelsínugulur</p>


Læsisstefna áætlun fyrir skólaárið 2020-2021					
	janúar	febrúar	mars	apríl	maí
 <p>2-3 ára 2018</p> <p>50-400 orð</p> <p>Málhljóð f-p-t-k-hj-ð-hl</p> <p>MÍÓ TRAS</p>	<p>Talað mál og hlustun Bullurím</p>	<p>Talað mál og hlustun</p>	<p>Talað mál og hlustun Örsögur</p>	<p>Talað mál og hlustun</p>	<p>Talað mál og hlustun Mat á gangi læsisstefnu</p>
	<p>Lestur og lesskilningur</p>	<p>Lestur og lesskilningur</p>	<p>Lestur og lesskilningur</p>	<p>Lestur og lesskilningur Eintala/fleirtala</p>	<p>Lestur og lesskilningur</p>
	<p>Ritun og miðlun Tilfinningahjól</p>	<p>Ritun og miðlun</p>	<p>Ritun og miðlun</p>	<p>Ritun og miðlun</p>	<p>Ritun og miðlun</p>
	<p>Orðakassi Dúkkuvagn, bílabraut, vörubíll, sjúkrabíll, spil, bingó</p>	<p>Orðakassi Bókstafir, Brók, bolur, sokkabuxur, stuttbuxur, kjóll, píls, snjógalli, pollagalli, útskór, kuldaskór, gleraugu, slökkvistöð, lögreglustöð</p>	<p>Orðakassi Hoppa, klappa, sitja, standa, liggja, skrifa, hlaupa, detta, dansa, stoppa, sofa, vakna, rugga, kúka, pissa, prumpa, leika, syngja, lesa, mála, púsla, kubba, gubba</p>	<p>Orðakassi Sunnudagur, mánu- dagur, þriðjudagur, miðvikudagur, fimmtu- dagur, föstudagur, laugardagur, janúar, febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember, desember</p>	<p>Orðakassi Sveit, vinir, Grænuvellir, bókasafn, bakari, búð, íþróttahöll</p>


Læsisstefna áætlun fyrir skólaárið 2020-2021					
	ágúst	september	október	nóvember	desember
 <p>LEIKSKÓLINN GRÆNUVELLIR VIÐRANG - VINÁTTA - VELLÖBUN</p> <p>3-4 ára 2017</p> <p>600 orð</p> <p>Málhljóð mjúka g- s-r</p> <p>4 orða setningar</p> <p>Höfuðfættla</p> <p>MÍÓ TRAS EFI2</p>	<p>Talað mál og hlustun Hlusta á sögur og söngva</p>	<p>Talað mál og hlustun Söngskjóða - leikrit</p>	<p>Talað mál og hlustun Heimavitund - heimili</p>	<p>Talað mál og hlustun Bullusögur</p>	<p>Talað mál og hlustun</p>
	<p>Lestur og lesskilningur</p>	<p>Lestur og lesskilningur Hlutverk (JA)</p>	<p>Lestur og lesskilningur Flóknari bækur</p>	<p>Lestur og lesskilningur Flóknari spil</p>	<p>Lestur og lesskilningur</p>
	<p>Ritun og miðlun Myndrænt dagskipulag Merkja hólf og skúffur Skriffæri alltaf aðgengileg</p>	<p>Ritun og miðlun Veðurfræðingur</p>	<p>Ritun og miðlun Raða eftir stærð</p>	<p>Ritun og miðlun Segja frá teikningum Sjálftal</p>	<p>Ritun og miðlun</p>
	<p>Orðakassi Spurning, Hvað, hver, hvar, hvernig, afhverju, hversvegna, Hvenær, af því að</p>	<p>Orðakassi Lausnahjól, kennari, hjálpa, skiptast á, segja stopp, tala saman, faðma/knúsa</p>	<p>Orðakassi Líkamsheiti, hendur, fætur, magi, nafli. Höfuð, fingur, tær, bak, rass</p>	<p>Orðakassi Fjölskylda, frænka, frændi, kona, karl, barn, stelpa, strákur, fullorðin</p>	<p>Orðakassi Jólasveinarnir, grýla, leppalúði, jólaköttur, flugeldar, blys, brenna, áramót</p>

Læsisstefna áætlun fyrir skólaárið 2020-2021					
	janúar	febrúar	mars	apríl	maí
 <p>LEIKSKÓLINN GRÆNUVELLIR VIÐRANG - VINÁTTA - VELLÖBUN</p> <p>3-4 ára 2017</p> <p>600 orð</p> <p>Málhljóð mjúka g- s-r</p> <p>4 orða setningar</p> <p>Höfuðfættla</p> <p>MÍÓ TRAS EFI 2</p>	<p>Talað mál og hlustun Talnávisur Minnisleikir</p>	<p>Talað mál og hlustun Talnávisur</p>	<p>Talað mál og hlustun Nútið/þátið</p>	<p>Talað mál og hlustun Brandarar/gátur</p>	<p>Talað mál og hlustun Mat á gangi læsisstefnu</p>
	<p>Lestur og lesskilningur Talnagildi Flóknari púsl</p>	<p>Lestur og lesskilningur</p>	<p>Lestur og lesskilningur</p>	<p>Lestur og lesskilningur</p>	<p>Lestur og lesskilningur</p>
	<p>Ritun og miðlun</p>	<p>Ritun og miðlun þekkja stafinn sinn</p>	<p>Ritun og miðlun Margræð orð</p>	<p>Ritun og miðlun Búa til sögu</p>	<p>Ritun og miðlun</p>
	<p>Orðakassi Hraustur, slappur, sjúklingur, kjúklingur, frískur, haltur, gifs, fatlaður, kröftugt</p>	<p>Orðakassi Derhúfa, trefill, lopapeysa, ermi, skálm, vasi, kragi, hanskar, lúffur, stuttermabolur, leggings, íþróttaföt, slaufa</p>	<p>Orðakassi Ávextir, appelsína, banandi, melóna, kíví, vínber, jarðarber, ananas, sítróna Margræð orð: renna, lás, bjalla, pera, blað, stýri, hár, klár, egg, rófa, hljóð, rós, mál, brún, aur, fé, lak, sund, klemma</p>	<p>Orðakassi Andstæður: hægt/hratt, fremstur/aftastur, fyrstur/síðastur Á móti, þarna, hérna, hinu megin</p>	<p>Orðakassi Vor, lamb, kind, blóm, sóley, fífill, fuglar, önd, lóa, spói, skógarþröstur, músarindill, hrossagaukur, jaðrakan, lundi, hrafn/krummi, hettumáfur, skógur, tré, grein, Holt</p>

Læsisstefna áætlun fyrir skólaárið 2020-2021					
	ágúst	september	október	nóvember	desember
 <p>LEIKSKÓLINN GRÆNUVELLIR VIRÐING - VINÁTTA - VELLÖÐAN</p> <p>4-5 ára 2016</p> <p>600 orð 4 ára</p> <p>Málhljóð þ-hr</p> <p>Telja upp í 15</p> <p>MÍÓ TRAS</p>	<u>Talað mál og hlustun</u>	<u>Talað mál og hlustun</u> Málbein Framsögn í samverustund	<u>Talað mál og hlustun</u> Sendiferðir	<u>Talað mál og hlustun</u> Lengri og flóknari samræður	<u>Talað mál og hlustun</u>
	<u>Lestur og lesskilningur</u>	<u>Lestur og lesskilningur</u> Markviss máliðrvun (verkefnabók)	<u>Lestur og lesskilningur</u>	<u>Lestur og lesskilningur</u>	<u>Lestur og lesskilningur</u>
	<u>Ritun og miðlun</u> Myndrænt dagskipulag Merkja hólfi og skúffur Stafafyrirmynd	<u>Ritun og miðlun</u> Taka sundur/ setja saman orð.	<u>Ritun og miðlun</u> Skrifa stafinn sinn Búa til stafi í öllum aðstæðum.	<u>Ritun og miðlun</u> Fjölbreyttur efniviður til ritunar	<u>Ritun og miðlun</u> Fjölbreytt verkefni
	<u>Orðakassi</u> Dagskipulagið: samverustund, útikennsla, barnafundur, bókastund/sögustund Blöndun, gönguferð, hópur, hlutverk, róleg stund, hreyfing	<u>Orðakassi</u> Sveitarstjóri, lækni, leikkona, lögregla, sjómaður, bóndi, nemandi, tannlækni, hjúkrunarfræðingur, íþróttþjálfari, bilstjóri, kennari	<u>Orðakassi</u> Augnhár, augabrún, augnlok, öxl, olnbogi, handleggur, úlnliður, nögl, bringa, mitti, læri, hné, kálfi, sköflungur, ökli, il, rist, hæll	<u>Orðakassi</u> Systkini, tvíburar, þrjúburar, dóttir, sonur, langamma, langafi, faðir, móðir, unglungur, þeir, þær, þau, foreldrar	<u>Orðakassi</u> Áðan, í gær, fyrir hádegi, eftir hádegi, á morgun, ekki á morgun heldur hinn, helgi, vika, mánuður, ár, árstíðir, sumar, vetur, vor, haust

Læsisstefna áætlun fyrir skólaárið 2020-2021					
	janúar	febrúar	mars	apríl	maí
 <p>LEIKSKÓLINN GRÆNUVELLIR VIRÐING - VINÁTTA - VELLÖÐAN</p> <p>4-5 ára 2016</p> <p>Málhljóð þ-hr</p> <p>Telja upp í 15</p> <p>MÍÓ TRAS</p>	<u>Talað mál og hlustun</u>	<u>Talað mál og hlustun</u>	<u>Talað mál og hlustun</u>	<u>Talað mál og hlustun</u>	<u>Talað mál og hlustun</u> Mat á gangi læsisstefnu
	<u>Lestur og lesskilningur</u>	<u>Lestur og lesskilningur</u>	<u>Lestur og lesskilningur</u>	<u>Lestur og lesskilningur</u> Söguteningar	<u>Lestur og lesskilningur</u>
	<u>Ritun og miðlun</u> Grunnformin	<u>Ritun og miðlun</u>	<u>Ritun og miðlun</u>	<u>Ritun og miðlun</u> Búa til brandara	<u>Ritun og miðlun</u>
	<u>Orðakassi</u> Hjarta, spaði, tígull, lauf, í miðjunni, hringur, stjarna, ferhyrningur, ferningur, þríhyrningur, kross, hjarta, tengingur, sexhyrningur, fimmhyrningur	<u>Orðakassi</u> Haglél, logn, sólskin, skýjað, hálfskýjað, heiðskirt, hvasst, stormur, óveður, ófærð, dimmt, úði	<u>Orðakassi</u> Fyrir aftan/fyrir framan Efst, neðst, nokkrar, fáar.	<u>Orðakassi</u> Upphaf, endir, spyrja, svara, hlusta, sniðugt, fyndið, gleðja, spennandi, hræðilegt, áhugavert, flissa, hugsu, dreyma, hlæja, brosa, æla	<u>Orðakassi</u> Dvalarheimili, sjúkrahús, banki, kirkja, pósthús, höfn, hótél, viti, apótek, safn, nágrenni.

Læsisstefna áætlun fyrir skólaárið 2020-2021					
	ágúst	september	október	nóvember	desember
 <p>LEIKSKÓLINN GRÆNUVELLIR VIRÐING • VINÁTTA • VELLÍÐAN</p> <p>5-6 ára 2015</p> <p>Málhljóð þ-hr</p> <p>Telja upp í 29</p> <p>HLJÓM 2</p> <p>MÍÓ OG TRAS LOKA- YFIRFERÐ</p>	<p>Talað mál og hlustun Flókin fyrirsmáli</p> <p>Lestur og lesskilningur</p>	<p>Talað mál og hlustun</p> <p>Lestur og lesskilningur Rímbækur</p>	<p>Talað mál og hlustun</p> <p>Lestur og lesskilningur Gátur</p>	<p>Talað mál og hlustun</p> <p>Lestur og lesskilningur</p>	<p>Talað mál og hlustun</p> <p>Lestur og lesskilningur Jólasveinaþulur</p>
	<p>Ritun og miðlun Myndrænt dagskipulag Merkja hól og skúffur Fóstudagspóstar Skrifa á töflu</p>	<p>Ritun og miðlun Skrifa nafnið sitt Grip um skriffæri</p>	<p>Ritun og miðlun Skólaverkefni Þekkja og skrifa fjölbreytta stafi hástaflir/lágstaflir Spora</p>	<p>Ritun og miðlun Skrifa orð eftir fyrirmynd</p>	<p>Ritun og miðlun</p>
	<p>Orðakassi Tónlist, uppákoma, hjálsamur, snjall, ljúffengt, varkár, óvarkár, feimin, eigingjörn, dónalegur, einmana, hávaði, erfitt</p>	<p>Orðakassi Vísindamaður, dýralæknir, bakari, kokkur, skólastjóri, skipstjóri, siðkvikvildsmaður, þjörgunarsveitarmaður, sjúkraflytningamaður, flugmaður, tónlistarmaður, pípari, rafvirki, málari</p>	<p>Orðakassi Borg, bær, þorp, sveit, heilsugæsla, fangelsi, veitingarstaður, leikhús, kaffihús, íþróttavöllur, bensinstöð, flugvöllur, sjoppa, sundlaug, sjóbóð, umferðarskilti, fjara</p>	<p>Orðakassi Næstum því, reyna aftur, munaði litlu, kemur næst, kannski, sjáum til, gengur allt á afturfótunum, að hafa bein í nefinu</p>	<p>Orðakassi Jákvæður, hugrakkur, hlakka til, kvíðinn, æsingur, stolt, polinmóður, áhyggjur, myrfælinn, elska, neikvæður, þirringur, óska, hamingjusamur, kærleikur, gamliársdagur</p>


Læsisstefna áætlun fyrir skólaárið 2020-2021					
	janúar	febrúar	mars	apríl	maí
 <p>LEIKSKÓLINN GRÆNUVELLIR VIRÐING • VINÁTTA • VELLÍÐAN</p> <p>5-6 ára 2015</p> <p>Málhljóð þ-hr</p> <p>Telja upp í 29</p> <p>HLJÓM 2</p> <p>Seinni umferð janúar</p> <p>Skóla- heimsóknir</p>	<p>Talað mál og hlustun</p> <p>Lestur og lesskilningur</p>	<p>Talað mál og hlustun</p> <p>Lestur og lesskilningur Framhaldssögur</p>	<p>Talað mál og hlustun</p> <p>Lestur og lesskilningur Tíminn</p>	<p>Talað mál og hlustun</p> <p>Lestur og lesskilningur</p>	<p>Talað mál og hlustun Vorskóli Mat á gangi læsisstefnu</p> <p>Lestur og lesskilningur</p>
	<p>Ritun og miðlun Osmo</p>	<p>Ritun og miðlun Osmo</p>	<p>Ritun og miðlun Osmo</p>	<p>Ritun og miðlun Osmo</p>	<p>Ritun og miðlun Osmo</p>
	<p>Orðakassi Köflóttur, doppóttur, rósóttur, heyrnarlaus, blindur Hjálpartæki: gleraugu, hjólástóll, hækjur, heyrnartæki, blindrastafur, heyrnarskjól</p>	<p>Orðakassi Lognmolla, mistur, þrumur, eldingar, hellidamba, slabb, slydda, þoka, él, hríð, hálfka</p>	<p>Orðakassi Hægri/vinstri Helmingur Fæstir Flestir jafnmargir Fyrsti, annar, þriðji...</p>	<p>Orðakassi Setning, bókstafur, blaðsíða, punktur, spurningarmerki, komma, höfundur, texti, bókakápa, kjölur, orð Slást, kyla, klóra, bita, deyja</p>	<p>Orðakassi Grunnskóli, Island, útlönd, framhaldsskóli, háskóli, matvöruverslun, verkstæði, blokk, einbýlishús, raðhús, parhús, skjól</p>

Fylgiskjal 2 – Sýnishorn úr myndakössum


1-2 ára




ÁGÚST



2-3 ÁRA



AGÚST



4-5 ÁRA



NEMANDI



TANNLÆKNIR

SEPTEMBER




HJÚKRUNARFRÆDINGUR



ÍÞRÓTTAÞJÁLFARI



BÍLSTJÓRI



KENNARI

5-6 ÁRA



Ágúst



Fylgiskjal 3 – Mat á læsisstefnunni

Mat á læsisstefnunni



Hvernig gengur að fylgja áætluninni?

Hvernig gengur að nota myndaspjöldin, hvernig eru þau notuð?, vantar myndir eða er einhverjum ofaukið?

Hvernig hafið þið notað innleiðingaráætlunina og orðaforðaspjöldin, hvaða námsgögn og aðferðir hafið þið notað? Er eitthvað sem má laga/endurbæta?

Fylgiskjal 4 – Sýnishorn – Hugmyndir út frá læsisstefnu

Læsisstefna 1-2 ára

Hugmyndir að lögum, vísum, bókum, sögum, spilum, leikjum, leikföngum, námsefni og öðru til að vinna eftir læsisstefnunni.

Ágúst- sjónrænt dagskipulag, merkingar, grunnorðin í leikskólanum

Myndir af börnum á stóla og hólf

Setja upp sjónrænt dagskipulag

Lög: dúkkan hennar Dóru, allur matur, Kalli litli kónguló (orð:datt)

á alltaf við: leggja orð á athafnir

September- bókahorn, efniviður til ritunar

Fara yfir bækur á deildum

Kósý staður

Október -tilfinningar, líkamsheiti

Nota tækifærið á skiptiborðinu að ræða t.d. líkamsheiti

Lög: ég finn það oní maga, ef þú ert í góðu skapi, við hlæjum öll í einu, höfuð herðar, þumalvingur þumalvingur, Þú skalt klappa ef þú hefur léttu lund

Bækur: Emma öfugsnúna

Myndir af svipbrigðum upp á vegg hjá speglum

Litlu karlarnir (mismunandi svipbrigði)

leggja orð á tilfinningar

Nóvember — fjölskyldan

Fjölskyldumyndir

Bækur: litla orðabókin mín, geiturnar þrjár, Gullbrá. Ath. Finna líka tvær mömmur ofi

Spil: myndir af foreldrum/börnum – bingó/jöfnur

lög: ljónalagið, tröllalagið, afi minn og amma mín

Desember — litir, jól

Lög: Ding dong sagði lítill grænn froskur, litalagið – vera með litina á spjöldum rauður dagur

Nefna litina alltaf á nafn

Leikur með snjó, inni og úti

Bækur: litirnir

Flokka efnivið eftir litum – börnin æfa flokkun, við flokkum

Janúar – dýr, vísur með rími

Febrúar – fatnaður, bókstafir

Mars – leikir, klappa atkvæði, telja, sögur

Apríl -hlustunarleikir, afstöðuhugtök

Máí- tilfinningar